

1. apríl 2005

Gamlir draugar á 150 á afmæli verslunarfrelsis

Í dag er 150 ára afmæli verslunarfrelsis hérlendis. Verslunarráð Íslands hvetur til þess að á þessum merku tímamótum verði gamlir draugar í skattkerfinu sem m.a. hamlar verslunarfrelsi kveðnir niður. Sérstakir bilaskattar og tilviljanakennd vörugjöld eru dæmi um skatta sem flækja umhverfi verslunar og draga úr samkeppni.

Svo byrjað sé á jákvæðum nótum þá er rétt að fagna þeim skattalækkunum sem kynntar voru um síðustu áramót. Lækkun hins sérstaka tekjuskatts og fyrirhugað afnám hans árið 2006 er sérstakt fagnaðarefni. Þá er ástæða til að fagna breytingum á erfðafjárskatti. Um leið og skattstofninn var breikkaður hefur skatturinn nú verið lækkaður, í mörgum tilvikum til muna, og skattþrepið er nú aðeins eitt, 5%. Þá er mikilsvert að eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja leggst af frá og með þessu ári en skattheimtu af skuldlausum eignum má telja afar ósanngjarna, ef ekki beinlínis siðlaus. Þessi skattheimta hitti harðast fyrir eldri borgara og þá sem sýndu ráðdeild í rekstri. Mest munar þó um lækkun tekjuskatts úr 25,75% í 21,75% boðuð hefur verið fram til ársins 2007.

VÖRUGJÖLD MISMUNA

En það eru draugar á sveimi. Vörugjöld eru eitt skýrasta dæmið um ógegnsæi skattkerfisins og vörugjöld endurspeglar vel hversu ósanngjörn skattlagning getur verið. Verslunarráð verður stöðugt vart við það að almenningur áttar sig ekki á fyrirbærinu vörugjald. Allt árið um kring er haft samband við ráðið og leitað eftir upplýsingum um hvers eðlis vörugjöld séu, hver sé munurinn á vörugjöldum og tollum og síðast en ekki síst af hverju ríkið skattleggi vörur með allt að ferns konar skatti þegar virðisaukaskatti hefur verið bætt ofan á tolla, magntolla og vörugjöld (reyndar geta skattarnir orðið allt að 7 þegar alls konar öðrum gjöldum er bætt við en látum það liggja milli hluta hér). Af hverju dugar virðisaukaskattur ekki? Innflytjendur standa auðvitað frammi fyrir því að þurfa að velja á milli sambærilegra vara með hliðsjón af tilviljanakenndri skattlagningu þeirra.

MÝMÖRG DÆMI UM MISRÆMI

Gamalt dæmi, en því miður ennþá raunverulegt, um ósanngirni í tollamálum er álagning vörugjalda á brauðristar. Brauðristar eru ennþá skattlagðar á mismunandi hátt eftir því einu hvort brauðið fer lóðrétt eða lárétt í þær. Á brauðristar er hvorki lagður tollur né vörugjald. Á hin svonefndu samlokugrill, sem eru ekkert annað en brauðrist sem ristar brauðið lárétt, er hins vegar lagður á 7,5% tollur og hvorki meira né minna en 20% vörugjald. Ofan á allt saman leggst svo 24,5% vsk. Svipaða sögu má segja um strauvélar og straujárn þar sem straujárnin hefðbundnu bera enga tolla eða vörugjöld en strauvélín (sem hentar vel til að strauja stærri stykki) fær á sig 7,5% toll og 20% vörugjald.



Ný dæmi um misræmi skjóta stöðugt upp kollinum

Þeir sem standa í byggingaframkvæmdum geta valið um ýmis konar byggingarefni. Fyrir suma draga skattar hins vegar úr valmöguleikunum. Byggingavörur úr gipsi eru aðallega notaðar sem milliveggjaplötur og njóta sívaxandi vinsælda sem slíkar enda bæði þægilegri í meðförum en spónaplötur sem notaðar eru í sama tilgangi. Gips er líka minni eldmatur en viðarplötur.

Gipsvörur bera hins vegar 15% vörugjöld en almennt ber efni til byggingaiðnaðar ekki vörugjöld, þ.m.t. spónaplötur og krossviður. Á sá sem byggir raunverulegt val um byggingarefni? Ekki ef hann þarf að leita hagkvæmustu leiða við framkvæmdirnar.

Það er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta það ójafnræði sem þetta vörugjald skapar. Leiðin sem þarf að fara til að afnema það ójafnræði er ekki að leggja 15% vörugjald á allar byggingavörur, eins og einhverjir gætu lagt til, heldur að afnema það á gipsplötum.

Enn annað dæmi má taka af vinsælli drykkjarvöru. Á eina gerð af kakódufti, sem notað er með heitu vatni, er tollurinn 20% af innkaupsverði vörunnar. Svo leggst á sérstakur magntollur upp á 50 kr./kg. Og eins og þessi gríðarlega tvöfalda tollálagning sé ekki næg skattheimta leggst svo hið sérstaka vörugjald á vöruna sem nemur 50 kr. á hvert kg. Önnur gerð af kakódufti ber með sama hætti 20% toll og 50 kr./kg vörugjald en magntollurinn er hins vegar allt í einu orðinn 139 kr./kg. Í báðum tilvikum er um venjulegt kakó að ræða sem neytendur er hrifnir af og nota til að búa til kakódrykki. Nú mætti ætla að þessir kakóskattar leggst líka á kakó sem notað er í bakstur en það er öðru nær. Á þess háttar kakó leggst enginn tollur en þó sama vörugjald og áður er minnst á. Og auðvitað falla þessar vörur ekki undir matvælavirðisaukaskattinn heldur leggst 24,5% virðisaukaskattur á þær. Hagkvæmast af öllu er því að kaupa kakóbaunirnar ósnortnar. Á þær leggst hvorki magntollur né annar tollur, ekkert vörugjald og kakóbaunir falla í neðra virðisaukaskattsprepið, 14%. Þá er bara eftir að bryðja baunirnar!

Raunveruleg dæmi sem þessi eru mýmörg í skatta- og tollakerfinu. Fjármálaráðherra þarf að setja sér það markmið að taka til í þessum vörugjaldafrumskógi.

BIFREIÐAR ERU SÉRSTAKT SKOTMARK AÐFLUTNINGSGJALDA

Gjöld á bifreiðar eru há og álagning vörugjalda fer eftir flóknu kerfi. Ýmsar glufur á kerfinu gera það að verkum að það getur verið til mikils að vinna fyrir neytendur að eyða nokkrum tíma í það að ná áttum í þessum tiltekna vörugjaldafrumskógi. Há vörugjöld auka einnig líkur á ýmis konar misnotkun við innflutning á notuðum og nýjum bifreiðum.

Undanfarin misseri hefur orðið gífurleg aukning í innflutningi á pallbílum. Ekki er ólíklegt að ofurgjöld á bifreiðar hafi þar að einhverju leyti stuðlað að óhagkvæmum innkaupum heimilanna með því að gera pallbíl fjárhagslega fýsilegri kost fyrir fjölskylduna en fólksbíl án þess að sérstök þörf sé á bíl með eiginleika pallbíls.

SKIPTIR STÆRÐIN MÁLI?

Bíll með 2000 cc eða minni vél ber 30% vörugjöld en ef bíllinn er með 2001 cc vél eða stærri, þá hækka vörugjöldin í 45%. Eins og bílaáhugamenn vita þá getur



2000 cc vél verið frá 130 – 250 hestöfl, með túrbínu, en 2500 cc vél getur vel verið ekki nema 110 hestöfl. Raunverulegt vélarafi getur því verið ákaflega ólíkt eftir bíltegundum, alveg óháð vélarstærð. Það er ekki eðlilegt að leggja á vörugjöld með þessum hætti, eftir sprengirými vélarinnar. Í raun væri allt eins hægt að ákvarða vörugjaldið eftir lit bílsins eins og að miða við vélarstærð (en er þó alls ekki lagt til hér).
En hvernig væri bara að leggja þessi órökréttu vörugjöld af og láta venjulega skattheimtu duga?

Hjá mörgum nágrannþjóða okkar eru engin vörugjöld á bifreiðar auk þess sem virðisaukaskattur er oft lægri.

Bretland	Vörugjöld 0 %	Vsk 17,5 %
Svíþjóð	Vörugjöld 0 %	Vsk 25,0 %
Lúxembúrg	Vörugjald 0 %	Vsk 15,0 %
Frakkland	Vörugjald 0 %	Vsk 19,6 %
Þýskaland	Vörugjald 0 %	Vsk 16,0 %
Spánn	Vörugjald 7–12 %	Vsk 16,0 %
Bandaríkin	Vörugjald 0 %	Vsk 5 – 9 % (eftir fylkjum)

Þess ber jafnframt að geta að í þeim bifreiðum sem falla undir hærra vörugjaldið eru oftast bifreiðar sem eru betur búnar af öryggisbúnaði. Skattlagningin stýrir því kaupendum óneitanlega í átt að bifreiðum sem eru verr út búnar hvað varðar öryggis-, tækni- og mengunarbúnað, öfugt við það sem hagsmunir þjóðarinnar kalla á. Það sama á reyndar við um varahluti bifreiða, s.s. öryggisbúnað á við loftpúða og mengunarbúnað sem er með háum aðflutningsgjöldum.

Litlar vélar geta mengað meira

Því er gjarnan haldið fram sem rökstuðningi fyrir hærra vörugjaldi á stærri vélar að stórir bílar mengi meira og hærrí sköttum á stærri bílana sé ætlað að draga úr mengun. Með þessu er þó horft fram hjá þeirri staðreynd að til þess að komast hjá hárrí skattlagningu, án þess að tapa kostum þess að aka um á stórum bílum, eru fluttir inn tiltölulega stórir bílar með tiltölulega litlar vélar sem falla undir lægra vörugjaldsþrep. Ef bílvél er hins vegar of lítil í samanburði við þyngd bílsins getur það leitt til óeðlilegs erfiðis vélarinnar og þar með verri nýtingar eldsneytis, meiri mengunar og styttri endingartíma bílsins. Hærra vörugjald á stórar vélar getur því í vissum tilvikum leitt til meiri mengunar.

BIFREIÐAR Í VÖRUGJALDAFRUMSKÓGI

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki er lagt á vörugjald í tveimur gjaldflokkum eins og áður segir, 35% og 45%. Þótt það sé meginreglan þá setja undanþágur og önnur gjöld verulegt mark sitt á bifreiðainnflutning. Kíkjum á til gamans, þó það sé nú ekki beint gaman, hversu þéttur skattafrumskógur bílgreinarinnar er.

Eftirfarandi bifreiðar eru vörugjaldsfrjálsar:

- Hóþferðabifreiðar fyrir 18 manns eða fleiri. Dráttarþifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
- Ökutæki sem eingöngu eru knúin rafmagní eða vetní.



- Ökutæki sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd eru undanþegin vörugjaldi en það eru:
 - Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
 - Ökutæki sem eru aðallega ætluð til vöruflutninga.
 - Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga.
 - Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum.

10% vörugjald er á dráttarvélum.

13% vörugjald er á:

- allmörgum ökutækjum sem eru undir 5 tonn að heildarþyngd, einnig fornbílar og önnur vélknúin ökutæki 40 ára og eldri.
- Kranabifreiðum og borkranabifreiðum sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd.
- Grindum með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
- Yfirbyggingum, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
- Tengivögnum og festivögnum til vöruflutninga sem eru 5 tonn eða minna að leyfðri heildarþyngd, aðrir tengi- og festivagnar.
- Dráttarbifreiðum fyrir festivagna sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- Ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minna.
- Vélknúnum ökutækjum til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar að heildarþyngd 5 tonn eða minna.

Í 30% vörugjaldaflokki eru:

- Hópfreiðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10-17 manns að meðtöldum ökumanni.
- Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
- Beltabifhjól (vélsleðar).
- Fjór hjól.
- Önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega talin upp.

Þá eru margvíslegar undanþágur veittar á bílaleigubifreiðum, leigubifreiðum, bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og björgunar. Þá má nefna ökutæki sem eru að verulegu leyti knúin með metangasi eða rafmagni í stað bensíns eða díselolíu sem njóta lækkunar vörugjalda sem nemur ákveðinni krónutölu sem er ákveðin sérstaklega.

Breytingar eru aðkallandi

Ef engar undanþágur væru í gildi frá vörugjöldum og 15% vörugjald legðist á allar bifreiðar má áætla að tekjur ríkisins af vörugjöldum af ökutækjum hefðu verið tæplega 3,5 milljarðar í stað rúmlega 5 milljarða á árinu 2005.



Verslunarráð telur brýnt að stjórnvöld stefni að því að vörugjald af nýjum bifreiðum sé lækkað niður í 15% og að sama vörugjald sé lagt á allar bifreiðar óháð sprengirými vélarinnar. Öðruvísi verður ekki gætt jafnræðis meðal bifreiðakaupenda.

AÐ LOKUM UM ÁFENGISSKATTINN

Það vita allir að áfengi er dýrt á Íslandi en færri átta sig á því með hvaða hætti áfengi er skattlagt og hvað sú skattlagning leiðir af sér. Háir skattar á áfengi er arfur frá gamalli tíð og var í upphafi ætlað að stemma stigu við almennri áfengisneyslu. Eins og svo margir aðrir skattar er áfengisskattur lítt dulbúin neyslustýring stjórnvalda og í sjálfu sér ekkert einsdæmi. Það sem gerir hins vegar áfengisskattinn frábrugðinn öðrum neyslusköttum er að hann kemur harðast niður á þeim sem kaupa ódyrustu vörurnar. Þetta stafar af ótrúlega flókinni útfærslu skattsins. Hún er svona:

Á öl og drykki sem innihalda blöndur af öli og óáfengum drykk leggjast 58,70 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra. Á vín og á gerjaðar drykkjarvörur, sem ekki hafa verið blandaðar annarri gerjaðri drykkjarvöru eða óáfengri drykkjarvöru, enda sé varan að hámarki 15% að styrkleika og inniheldur eingöngu vínanda sem myndast við gerjun, án hvers kyns eimingar, leggjast 52,80 kr. á hvern sentilítra umfram 2,25 sentilítra. Nýlega var svo áfengisskatturinn hækkaður á sterk vín og leggjast nú 70,78 kr. á hvern sentilítra. Ekki má svo gleyma vörugjaldinu en það hefur verið ákveðið 8 kr. á hvern lítra af áfengi, til viðbótar áfengisskatti.

Á hverjum lendir áfengisskattbyrðin?

Áfengisskatturinn ber nafn með rentu með því að leggjast á áfengismagnið sem slíkt. Þess háttar skattlagning er afar óhægstæð fyrir þá sem kjósa ódýr vín. Hlutfall skatta af verði ódyrrar vínflösku, sem kostar 1.000 krónur hjá ÁTVR, er þannig 70% en er hins vegar 20% af verði vínflösku sem kostar 20.000. Ólíkt mörgum öðrum sköttum veldur áfengisskatturinn þannig því að þeir bera hlutfallslega mestu skattbyrðina sem ódyrustu vörurnar kaupa.

Nú mætti halda því fram að áfengisskatturinn væri ekki flókið fyrirbrigði og frekar gegnsætt þegar menn hafa einu sinni kynnt sér fyrirkomulagið. Vintegundir beri einfaldlega misháan skatt sem fer eftir áfengismagni. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að hver vintegund er ekki endilega alltaf jafn áfeng. Áfengismagn vína breytist milli ára eftir uppskeru. Þeir sem versla með áfengi við núverandi skattlagningu eiga því erfitt um vik að spá fyrir um verð milli ára og eiga því jafnvel á hættu að markaðssetning þeirra sé fyrir bí að ári liðnu þegar verð breytist, ellegar missa hugsanlega framlegð vörunnar.

Sérstakir áfengisskattar eru sannanlega draugar úr fortíðinni og alls ekki eins gegnsæ skattlagning og menn gætu ætlað að óathuguðu máli. Það er brýnt að endurskoðun áfengisskatts gleymist ekki í umræðunni um einföldun skattkerfisins almennt.

EKKERT LÁT Á HUGMYNDUM UM NÝJA SKATTA

Gistináttgjald er dæmi um hugmynd að nýjum skatti sem hljómar kannski sárasaklaus í eyrum sumra. Nefnd á vegum fyrrverandi umhverfisráðherra lagði það til að tekið yrði upp 100 króna gjald fyrir hverja gistinótt á hótélum,



gistiheimilum og bændagistingum. Hundrað krónur hljóma kannski ekki eins og há skattlagning en gert var ráð fyrir að skatturinn skilaði um 175 milljónum í ríkissjóð ár hvert. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu flókið innheimtukerfi þarf til að svona skattur skili sér og víst er að fátt stæði í vegi fyrir því að hækkun skattsins.

Það þarf að vera á varðbergi gagnvart hugmyndum um skattahækkanir sem þessari sem alltof oft eru settar fram, og stundum að því er virðist einungis til þess að kanna hversu langt er hægt að ganga gegn hagsmunum skattgreiðenda.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon framkvæmdastjóri og Sigríður Á. Andersen lögfræðingur hjá Verzlunarráði Íslands sími 510 7100.

